

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/15/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 388/06/COL frá 13. desember 2006 um sextugustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2008/EES/15/02		Beiðni Oslo Tingrett dagsett 26. nóvember 2007 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli L'Oréal Norge AS gegn Smart Club Norge AS - (mál E-10/07)	3
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/15/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4784 – Suez Environment/SITA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2008/EES/15/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4919 – Statoil/ConocoPhillips (Jet)).	5
2008/EES/15/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5032 – Roxel/Protac)	6
2008/EES/15/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5083 – Groupama/OTP Garancia)	7
2008/EES/15/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5104 – Altor Fund II/Papyrus) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	8

2008/EES/15/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5106 – Candover/ Bourne Leisure) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2008/EES/15/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5125 – Mare/ SFS).....	10
2008/EES/15/10	Ríkisaðstoð – Holland – Málsnúmer C 4/08 (áður N 97/07) – Fjárfesting Rotterdamborgar í fjölnotabyggingunni Ahoy – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	11

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
388/06/COL

2008/EES/15/01

frá 13. desember 2006

um sextugustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði
ríkisaðstoðar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr. og b-lið 2. mgr. 5. gr. ásamt 1. gr. I. hluta bókunar 3,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar ⁽³⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 22. nóvember 2006 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ný rammaákvæði Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar en opinber útgáfa þeirra birtist væntanlega í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* í lok desember 2006.

Þessi nýju rammaákvæði varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Þegar endanleg opinber útgáfa hinna nýju rammaákvæða Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar liggur fyrir getur Eftirlitsstofnun EFTA gefið út samsvarandi leiðbeiningar.

Ákvæði 14. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð gilda til 31. desember 2006.

⁽¹⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽²⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Reglurnar birtust upprunalega í Stjtið. EB L 231 hinn 3. september 1994 og í EES-viðbæti við þau nr. 32 sama dag, og þeim var síðast breytt samkvæmt ákvörðun frá 30. nóvember 2005.

Þess vegna er nauðsynlegt að framlengja gildistíma núgildandi ákvæða 14. kafla þar til Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út leiðbeiningar sem samsvara hinum nýju rammaákvæðum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.

Eftirlitsstofnunin hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni sem dagsett var 13. nóvember 2006.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Ákvæði 14. kafla í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, Aðstoð vegna rannsókna og þróunar, gilda áfram þar til Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út leiðbeiningar sem samsvara hinum nýju rammaákvæðum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Í stað eldri ákvæða 2. mgr. undirkafla 14.9 í 14. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð komi eftirfarandi:

„Leiðbeiningar þessar gilda þar til Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út nýjar leiðbeiningar sem samsvara hinum nýju rammaákvæðum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna samþykkti 22. nóvember 2006.“

2. EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari.
3. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari.
4. Ákvörðunin skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Björn T. Grydeland

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Oslo Tingrett dagsett 26. nóvember 2007 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli L'Oréal Norge AS gegn Smart Club Norge AS

2008/EES/15/02

(Mál E-10/07)

EFTA-dómstólnum hefur borist beiðni samkvæmt bréfi Oslo Tingrett (Héraðsdóms Óslóar) frá 26. nóvember 2007, sem barst málaskrá dómstólsins 29. nóvember 2007, um ráðgefandi álit í máli L'Oréal Norge AS gegn Smart Club Norge AS að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Ber að skilja ákvæði 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE á þann veg að rétthafi vörumerkis megi stöðva innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins þegar slíkur innflutningur fer fram án samþykkis rétthafans?
2. Ber að skilja ákvæði 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE á þann veg að alþjóðleg tæming réttinda sé heimil?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/15/03

(Mál COMP/M.4784 – Suez Environment/SITA)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Suez Environnement („Suez“), sem tilheyrir Suez-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu SITA Sverige AB („SITA“), sem það ræður nú ásamt E.ON Sverige AB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Suez: starfsemi á sviði vatnsveitu og sorphirðu víða um heim
 - SITA: starfsemi á sviði sorphirðu í Svíþjóð og Finnlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 71, 18. mars 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4784 – Suez Environment/SITA, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2008/EES/15/04****(Mál COMP/M.4919 – Statoil/ConocoPhillips (Jet))**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem norska fyrirtækið StatoilHydro ASA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þremur fyrirtækjum, hinu danska ConocoPhillips Danmark ApS, hinu sænska ConocoPhillips Nordic AB og hinu norska ConocoPhillips JET AS (einu nafni „Jet Scandinavia“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - StatoilHydro ASA: starfsemi á öllum sviðum olíu- og gasvinnslu, þ.e. olíu- og gasleit og vinnslu, hreinsun og sölu á olíu og gasi, ásamt rekstri útsölastaða fyrir ökutækjaeldsneyti, einkum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð
 - Jet Scandinavia: rekstur útsölastaða fyrir ökutækjaeldsneyti í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, auk geymslustöðva fyrir eldsneyti í Svíþjóð, undir vörumerkinu „Jet“
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 74, 20. mars 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4919 – Statoil/ConocoPhillips (Jet), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5032 – Roxel/Protac)

2008/EES/15/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin MBDA SAS („MBDA“) og SNPE Matériaux Energétiques SA („SME“), sem er dótturfyrirtæki hinnar ríkisreknu frönsku SNPE-samsteypu, öðlast með hlutafjárkaupum eldra sameiginlegs fyrirtækis, hins franska Roxel SAS, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Protac.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MBDA: framleiðir og selur stýrivopn og stýrivopnakerfi
 - SME: framleiðir drifefnaeiningar og eldsneytisbúnað, einkum fyrir framleiðendur geimfara, vopnakerfa og ökutækja, auk drifefna og sprengiefna til hernaðarnota
 - Protac: hannar, framleiðir og selur kerfi til að knýja skammdræg stýrivopn
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 74, 20. mars 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5032 – Roxel/Protac, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5083 – Groupama/OTP Garancia)**

2008/EES/15/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Groupama Int öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ungverska fyrirtækinu OTP Garancia Biztosító Zártkörűen Működő Részvénytársaság („OTP Garancia“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Groupama Int: samsteypa tryggingafyrirtækja með starfsemi á sviði trygginga- og bankaþjónustu
 - OTP Garancia: tryggingastarfsemi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 70, 15. mars 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5083 – Groupama/OTP Garancia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5104 – Altor Fund II/Papyrus)**

2008/EES/15/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Altor Fund II („Altor“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu Papyrus AB og tengdum fyrirtækjum (einu nafni „Papyrus“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Altor: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Papyrus: dreifing á gæðapappír, umbúðaeefni, rekstrarvörum og skrifstofuvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 74, 20. mars 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5104 – Altor Fund II/Papyrus, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5106 – Candover/Bourne Leisure)**

2008/EES/15/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Candover Partners Limited („Candover“), sem tilheyrir Candover Group, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Bourne Leisure Holdings Limited („Bourne Leisure“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Candover: óskráð fjárfestingafyrirtæki með starfsemi víða um heim; annast skipulag og fjármögnun umfangsmikilla kaupa á óskráðum félögum í Evrópu
 - Bourne Leisure: selur gistingu og tengda þjónustu í tengslum við orlofsferðir og stuttar ferðir í gistihúsum, hjólhýsagörðum og orlofshýsagörðum í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 70, 15. mars 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5106 – Candover/Bourne Leisure, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5125 – Marel/SFS)

2008/EES/15/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. mars 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem íslenska fyrirtækið Marel Food Systems hf. („Marel“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Stork Food Systems („SFS“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Marel: þróun, framleiðsla, sala og viðhald á vélum og kerfum til frumvinnslu á fiski og alifuglakjöti og framhaldsvinnslu á fiski, rauðu kjöti og alifuglakjöti
 - SFS: þróun, framleiðsla, sala og viðhald á vélum og búnaði til frumvinnslu á fiski og alifuglakjöti og framhaldsvinnslu á fiski, rauðu kjöti og alifuglakjöti
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 73, 19. mars 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5125 – Marel/SFS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Holland**2008/EES/15/10****Málsnúmer C 4/08 (áður N 97/07) – Fjárfesting Rotterdamborgar í fjölnotabyggingunni Ahoy****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 68, 13.3.2008](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General Competition
State aid Registry
B-1049 Brussels
Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Hollandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.